

Sveitarfélagið Ölfus
Skipulagsfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 27. nóvember 2024
UST202410-138/S.A.J.
10.04.03

Efni: Breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036 - Mölunarverksmiðja og höfn við Keflavík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 15.10.2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um aðalskipulagsbreytingu vegna mölunarverksmiðju og hafnar við Keflavík, Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að ráðgert er að reisa mölunarverksmiðju á iðnaðarsvæði I3 sem er um 3 km vestan af Þorlákshöfn og búa til nýja höfn við Keflavík.

Mölunarverksmiðjan samanstendur af fjölbreyttum byggingum með mismunandi hlutverk. Allar byggingar verða lokaðar og klæddar. Helstu mannvirki mölunarverksmiðjunnar eru móttökuhús, geymsluhús/lagerhús, hús fyrir þurrkun, hús fyrir mölun, dæluhús, síló, tengivirki/spennistöðvar/dreifistöðvar, færribönd, skrifstofuhúsnæði og starfsmannaaðstaða.

Á hafnarsvæðinu við Keflavík er gert ráð fyrir hafnaraðstöðu með krana, mannvirkjum, athafnasvæðum, færriböndum og öðrum innviðum fyrir rekstur og þjónustu hafnarinnar.

Uppbygging aðstöðu fyrir starfsemi hafnarsvæðis á lóðinni Laxabraut 43B gerir ráð fyrir tveimur viðleguköntum, ölduvörnum, þurrkvi, þjónustuhúsi og tengibúnaði fyrir tengingu við veitukerfi og mannvirki þar sem gert er ráð fyrir tækjabúnaði sem er nauðsynlegur fyrir starfsemi hafnarinnar. Á lóðinni verða einnig reist tvö færribönd, krani, þjónustubygging hafnarsvæðis, gatnakerfi og þjónustusvæði fyrir höfnina.

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld, sbr. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Fyrirspurn um matsskyldu var send inn til Skipulagsstofnunar 16. nóvember 2022 þar sem kynnt voru áform um byggingu mölunarverksmiðju við núverandi hafnarsvæði í Þorlákshöfn.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar (dags. 17. janúar 2023) var á þann veg að stofnunin taldi fyrirhugaða framkvæmd hafa umtalsverð áhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skyldi framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfismatskýrsla

Umhverfisstofnun hefur áður fjallað ítarlega um umhverfismatskýrslu vegna mülunarverksmiðjunnar.¹ Stofnunin vísar til þeirrar umsagnar almennt varðandi umhverfismál vegna deiliskipulagsins.

Landfylling

Í deiliskipulagsgreinargerð kemur fram að áætluð efnisþörf í byggingu nýrra hafnarmannvirkja við Keflavík séu um 0,8 til 1 milljón rúmmetrar. Af því verði forsteyptar einingar áætlaðar um 15 þúsund rúmmetrar. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti þess efnis sem nýtt verður við hafnargerð verði unnið af lóðinni vegna dýpkunar og landmótunar á yfirborði lóðar mülunarverksmiðju. Að auki er gert ráð fyrir að nýta efni sem gæti verið aðgengilegt sökum landmótunar á nálægum lóðum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum eignum og hlutum sé varpað í hafið:

- a) dýpkunarefnum,
- b) náttúrulegum, óvirkum eignum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr eignum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c) fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Aðrar leiðir til endurnýtingar úrgangs þ.e. lokuð landfylling eða fylling á landi er starfsleyfisskylt til heilbrigðisnefndar sbr. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og móttaka úrgangs sbr. 72. tl. IV. viðauka sömu laga.

Náttúruvernd

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta ákveðnar jarðmyndanir sérstakrar verndar og skal ekki raska nema brýn nauðsyn þyki til. Í 2. mgr. a sömu laga segir að eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóti sérstakrar verndar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett á Leitarhrauni sem er rúmlega 5000 ára gamalt. Í hrauninu er að finna marga hella þ.á.m. Raufarhólshelli, Arnarker og Árnahelli. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

¹<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/M%20c3%81U%20-%20c3%93sk%20um%20ums%20c3%b6gn%20-%20M%20c3%b6lun%20arverksmi%20c3%b0ja%20c3%ad%20c3%9eori%20c3%a1ksh%20c3%b6fn%209.%20febr%20c3%baar%202024.pdf>

Vatnamál

Í greinargerð kemur fram að til öflunar ferskvatns fyrir starfsemi verksmiðjunnar sé gert ráð fyrir borholum norðan við Suðurstrandarveg og er staðsetning borhola fyrir utan deiliskipulagssvæðið. Heildarferskvatnspörf starfseminnar er 95 l/s að meðaltali yfir árið en framkvæmdaraðili hefur átt í viðræðum við nálæg fiskeldisfyrirtæki um endurnýtingu vatns sem nýtt er í fiskeldisferlinu.

Frá borholunum verður lögð miðlunarlögn að mölunarverksmiðjunni undir Suðurstrandarveg. Svæði þar sem borholur verða verður skilgreint í aðalskipulagi sem vatnstökusvæði. Möguleiki er að sameiginleg vatnstaka og vöktun með vatnstöku verði meðal nokkurra eða allra fyrirtækja sem eru með starfsemi á iðnaðarsvæðinu.

Vatnstaka fyrir mölunarverksmiðju getur haft áhrif á vatnafar svæðisins í grennd við Þorlákshöfn, en helstu áhrif má rekja til samlegðaráhrifa með vatnstöku nærliggjandi starfsemi. Uppbygging mölunarverksmiðju er áfangaskipt og því er vatnsöflun lægri til að byrja með.

Umhverfisstofnun bendir á að með samþykkt vatnaáætlunar skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Sömuleiðis má ástand vatnshlotanna ekki hnigna hvorki varanlega né tímabundið. Áður en leyfisveitendur geta gefið út leyfi fyrir framkvæmdinni þarf mat á áhrifum á vatnshlot að liggja fyrir sem sýnir fram á að ástandi vatnshlotanna muni ekki versni vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun vísar í umfjöllun sína um vatnamál og leiðbeiningar um mat á áhrifum á vatnshlot í umsögn sinni um umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdarinnar sem hún veitti 9. febrúar sl.²

Aðgengi almennings meðfram ströndinni

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að á að tryggja skuli aðgengi almennings meðfram sjó þar sem starfsemin er fyrirhuguð í samræmi við. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir meðfram sjónum, svo að útivistargildi skerðist ekki.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

² [Umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfismatsskýrslu - mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn](#)